3. Bannlögin á ekki að afnema!

1 blað

4. Bindindishreyfingin austanfjalls.

Hverju hefir ísl. þjóðin offrað fyrir bannlögin? Óslitinni baráttu áhugasamra, einstakra manna. Engu öðru! Vínnautn og ofdrykkja er þjóðarböl. Hvað mundi þjóðin gera, ef henni bæri stríð að höndum? Mundi hún ekki standa saman og einhuga gegn því? Hvað hefir hún gert gagnvart bannlögunum? Jafnvel æðstu embættismenn hennar hafa ólmast ~~...~~ að bannlögunum með herópinu: Hver ærlegur maður á að brjóta bannlögin, er skyldur til þess! Og þeir, með atfylgi þingmanna hafa veitt hverja undanþáguna á fætur annari: þriggja-ára frestinn, Konsúlabrv. læknabrennivínið og Spánarvínin. Af þessu hefir það leitt, að bannlögin hafa aldrei verið einn einasta dag í friði né í gildi svo að sýnt væri hvort þau næðu tilgangi sínum. Þau eiga enga sök á ~~...~~ bruggunni eða smyglinu, né því að neinn maður hafi dáið fyrir það eitt að þau voru til að nefninu til. Þeir einir sem lögunum áttu að gæta, löggæsla landsins, læknarnir þingmennirnir eiga sökina á þessu og kenna svo öðrum um!

Bannlögin á ekki að afnema. Verði þau afnumin, flæðir nýtt og stórt syndaflóð ofdrykkju, lasta og glæpa yfir land og þjóð, sem meira þjóðarböl en nú er og áður þekktist. Vill ísl. þjóðin líða slíkt? Nei, og aftur nei! Hún á að ryðja því af sér hvað sem það kostar og setja allar hugsanlegar skorður gegn því. Velji hún þetta, þá mun henni takast það. Velji hún það ekki, heldur láti fljóta sofandi að feigðarósi – já, hún mun það! Henni er þá ekki viðhjálpandi.

Svona lít ég á málið nú, eftir fullra 47 ára starfsemi mína fyrir bann og bindindi.

J. P.